

1875

83  
12ta  
nóvbr.*Brjef landshöfðingja* (til sýslumannsins og bæjarfógetans á Ísafirði).

Út af skýrslu herra sýslumannsins í brjefi frá 23. sept. þ. á. um að verzlunarstjóri V. Holm hafi synjað yður um ávísanir á verzlunarhúsið M. W. Sass & Sønner í Kpmhöfn, með styttri gjaldfresti en 3 mánuðum eptir sýningu, til greiðslu á skipagjöldum og öðrum þess háttar gjöldum, skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni:

Bæði lestagjaldið eptir lögum 15. apr. 1854, og gjaldið af innfluttu brennivíni og öðrum áfengum drykkjum eptir tilsk. 26. febr. 1872, skal greitt af hlutadeigandi gjaldþegni, áður en honum leyfist að afferma skipið, og skal hann greiða gjöld þessi í reidum peningum. Ef gjaldheimtumaður aptur á móti leyfir gjaldþegni aðgreiða gjöldin með ávísun á alkunnan áreiðanlegan kaupmann í Khöfn í stað reiðu peninga, þá er þetta á ábyrgð gjaldheimtumans, og er honum því sjálfsagt bæði heimilt og skylt, að binda nefnt leyfi því skilyrði, að ávísanin sje orðuð eptir þeim reglum, sem um slíka greiðslu gilda; en ef gjaldþegn ekki vill gefa út slíka ávísun eptir ofannefndum lagaákvörðunum, má hann til að greiða gjaldið í reidum peningum, áður en hann fái að afferma skipið. Þegar gjaldheimtumaður meðtekur ávísun í stað reiðu peninga til greiðslu nefndra gjalda, eptir lögum 15. apr. 1854, og tilsk. 26. febr. 1872, skal því ávísunin vera út gefin, áður en farið er að afferma, og hljóða um greiðslu við sýningu, og skal hana því næst eptir reglug. 13. febr. 1873 senda hingað með næstu póstferð á eptir.

Hr. sýslumanni ber með næsta pósti hingað að skýra frá, hver gjöld verzlunarstjóri V. Holm hafi ætlað sjer að greiða með upphæð ofannefndrar ávísunar og hvenær gjöld þessi voru fallin til greizlu (þ: hve nær skipaskjöldin voru sýnd, samkvæmt lögum 15. apr. 1854).

Að því leyti hr. sýslumaðurinn í sama brjefi hefur skýrt frá, að nokkrir kaupmenn á Ísafirði hafi lýst megnri óánægju yfir því, að þjer hafið heimtað gjaldið eptir tilsk. 26. febr. 1872 með 8 sk. af potti, og þó reiknað aðalupphæðina aptur í krónupeningum, í stað þess að reikna 16 aura af hverjum potti, og óskað visbendingar um, hvort þjer hafið skilið rjett þær ákvarðanir, sem um þetta gilda, skal yður þjónustusamlega tjáð, að reikningsaðferð sú, er þjer hafið við haft, er beinlínis fyrir skipuð, bæði í peningalögum 23. maí 1873 § 18 (augl. 25. sept. s. á.), og í brjefi ráðgjafans frá 6. nóvbr. 1874, sem prentað er í stjórntíðindum s. á. B 39.

84  
14da  
nóvbr.*Auglýsing*

um mótið á sænskum peningum.

Fjárhagsstjórn ríkisins hefur 24. maí þ. á. auglýst, að mótið á peningum þeim, er munu verða slegnir í Svíþjóð samkvæmt samningi, er gerður var 27. maí 1873 milli Danmerkur og Svíaríkis um sameiginlegan peningareikning, og sem samkvæmt 14. gr. í auglýsingu um peningalög frá 25. septbr. 1873 eru gjaldgengir hjer á landi, hafi í konunglegri sænskri auglýsingu frá 23. janúar f. á. verið ákveðið þannig:

10- og 20- krónapeningar úr gulli.

Á *adhverfuna* skal setja brjóstmynd hans hátignar konungs Svíaríkis og Noregs og umhverfis að ofan letrið «Oscar II Sweriges o. Norges Konung» en að neðan ár það, er peningurinn er sleginn og hvorumegin við það stjörnu með fimm geislum. Á *fráhverfunni* skal vera hið sænska ríkismerki á skildi, er skipt er í fjóra parta og festur á hermélinskápu undir konungskórönu; fyrir ofan orðin: «Brödrafolkens wäl», að neðan and-